



Vefrit Verzlunarskóla Íslands vekur lukku

Í Verzlunarskóla Íslands hefur verið bryddað upp á þeirri nýjung að senda reglulega út fréttabréf til foreldra þar sem fram koma ýmsar gagnlegar upplýsingar fyrir nemendur, foreldra og forráðamenn. Hefur framtakið mælst vel fyrir enda einföld leið til að koma á framfæri upplýsingum er varða nemendur og aðstandendur þeirra. Með þessu móti reynist foreldrum og forráðamönnum auðveldara að fylgjast með því sem er að gerast í lífi barna sinna sem og því helsta sem er um að vera í skólanum. Er þetta framtak til fyrirmyndar og hvatning til annarra framhaldsskóla sem vilja ná betur til skjólstæðinga sinna.

Átak gegn einelti og nýtt fræðsluhefti



Heimili og skóli ætla að blása til átaks gegn einelti í lok október. Átakið hefst 27. október með athöfn í Austurbæjarskóla þar sem kynntur verður nýr bæklingur fyrir foreldra um einelti. Honum er ætlað að auka þekkingu á einelti og hjálpa foreldrum að öðlast betri skilningi á líðan barna sinna. Þá er unnið að því þessa dagana að fá fjölmiðla til að leggja átakinu lið með því að fjalla um einelti og hversu alvarlegar afleiðingar þess geta verið. Í framhaldinu verða veggspjöld send í alla grunnskóla og auglýsingar birtar.

Um fimm þúsund grunnskólabörn eru lögð í einelti á hverju ári hér á landi. Rannsóknir sýna að líkur á að börn lendi í einelti aukast í kjölfar kreppu og bágs efnahagsástands. Miðað við ástandið

sem nú ríkir í þjóðfélaginu er líklegt að þeim eigi eftir að fjölga sem verða fyrir einelti, verði ekkert að gert.

Einelti er ofbeldi sem getur haft mjög alvarlegar afleiðingar í för með sér. Þeir sem verða fyrir einelti í barnæsku bera þess merki sumir hverjir alla ævi. Nauðsynlegt er, sér í lagi á tímum sem þessum, að skerpa á umræðu um einelti í þjóðfélaginu og brýna fyrir foreldrum og öðrum sem koma að uppeldi barna að vera vel á verði. Nánari upplýsingar er að finna á vefsíðu okkar <http://heimilioskoli.is>.



Foreldrar sem auðlind í skólastarfi

Opinn fundur um foreldrasamstarf í skólum verður haldinn í Setrinu á Grand Hótel, fimmtudaginn 29. október næstkomandi klukkan 20. Aðalfyrirlesari verður Doktor Charles Desforges, prófessor frá Háskólanum í Exeter, en hann er virtur fræðimaður í sínu heimalandi og þó víðar væri leitað. Hann hefur rannsakað þá auðlind sem felst í foreldrum og hefur hugsanlega verið vannaframtak fram til þessa. Fundurinn er samstarfsverkefni Samfoks og Heimilis og skóla. Allir foreldrar eru hvattir til að mæta en áhersla verður lögð á fyrirspurnir og umræður. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir meðan húsrúm leyfir. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu okkar <http://heimilioskoli.is>



10 netheilræði í alla grunnskóla landsins

Nú hefur nýutgefnum bæklingi frá SAFT með 10 netheilræðum verið dreift í 1.-4. bekk í öllum grunnskólum landsins. Mikil ánægja er með framtakið sem vakið hefur athygli víða og vonumst við til að foreldrar og forráðamenn gefi sér góðan tíma í að ræða netheilræðin við börnin. Nánari upplýsingar er að finna á saft.is.

Fulltrúaráðsfundur

Fulltrúaráðsfundur Heimilis og skóla verður að þessu sinni haldinn í tengslum við málþing menntavísindasviðs Háskóla Íslands næsta föstudag, 30. október, kl.9-13:30 í Bókasafni Seltjarnarness. Yfirskriftin er : Aukin aðkoma foreldra að skólastarfi og tengsl við nærsamfélagið.

Heimsókn á Blönduós

Grunnskólinn á Blönduósi og Fræðsluskrifstofa A-Húnavatnssýslu hlutu í sumarbyrjun Foreldraverðlaun Heimilis og skóla fyrir árið 2009. Af því tilefni heimsóttu menntamálaráðherra, Katrín Jakobsdóttir, og fulltrúar Heimilis og skóla þær Sjöfn Þórðardóttir, formaður, og Björk Einisdóttir, framkvæmdastjóri, grunnskólann. Vel var tekið á móti gestum og fengu þeir einnig að kíkja við á nemendur í íþróttahúsinu og fylgjast með þeim þar sem haldinn var íþróttadagur skólans þennan dag. Í för með aðstandendum og gestum voru einni sveitarstjórnarmenn.

Ungmennaráð á Evrópuþingi

Evrópuþing ungmennaráða var haldið í Lúxemborg í síðustu viku og átti ungmennaráð SAFT á Íslandi þar tvo fulltrúa. Auk þeirra voru fulltrúar frá Heimili og skóla með í för og var þingið í senn gagnlegt og skemmtilegt.

